




REYKJANESBÆR



Reykjanesbær - deiliskipulag Svæði A

„Gamli bærinn” að Tjarnargötu
Maí 1999, breytt í júní 2000

Skipulagsdeild Reykjanesbæjar
Tjarnargötu 12, Reykjanesbæ, sími 421 6700

Arkitektastofa Suðurnesja
Hafnargata 27, Reykjanesbæ, sími 421 2319

Skilgreiningar á skipulagsupphætti sb.skipulagsreglugerð júlí 1998.

Miðbæjarsvæði (miðsvæði)

Á miðsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landssvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, s.s verslunum, skrifstofum, þjónustustofnunum, veitinga- og gistihúsum,menningarstofnunum og hreinlegum iðnaði. Þar sem aðstæður leyfa má á miðsvæðum gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði, sérstaklega á efri hæðum bygginga.

Íbúðarsvæði:

Á íbúðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónustu við íbúa viðkomandi hverfis, s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum, þjónustufyrirtækjum, þjónustustarfsemi og leiksvæðum, eða annarri starfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð.

Ath. á skipulagsupphætti er gerður greinamunur á íbúðarsvæði og íbúðarsvæði (blandað svæði)

Sem þýðir að í dag er einungis einhver þjónustustarfsemi á blönduðu svæðunum.

Sérgreind notkun reitur 1:

Hér er lögð áhersla á sögu og menningarlega starfsemi sem tengist Duus húsum, norðan við Vesturgötu og tenging við gömlu bryggjuna austan við Hafnargötu.

Opin græn svæði:

Hér er átt við opin græn svæði sem nýta skal sem útvistarsvæði og leiksvæði.

Götur og bílastæði:

Hér er átt við umferðaræðar og bílastæði á vegum bæjarins.

Svæðið milli Vesturgötu, Tjarnargötu, Kirkjuveggar og Hafnargötu:

Inngangur:

1. Hlutverk deiliskipulags.

Deiliskipulag er það skipulagsstig þar sem gerð er nákvæm grein fyrir notkun lands, nýtingahlutfalli reita, húsagerð, tilhögun umferðarkerfis, lóða og byggingareita á afmörkuðu svæði. Þar eru því sett ákvæði m.a. um framkvæmdir, byggingar og umhverfismál sem miðast við þau markmið eða eiginleika sem leitast er við að ná með skipulaginu. Skytt er að gera deiliskipulag fyrir öll svæði, í nýjum eða eldri hverfum, áður en einstakar byggingaframkvæmdir eru leyfðar. Skipulagsnefnd og bygginganefnd meta umsóknir í ljósi þeirra ákvæða og stefnu sem deiliskipulagið setur fram.

Deiliskipulag getur náð yfir hvort heldur sem er eitt hverfi eða smærri svæði, s.s. einstaka reiti. Þar sem það á við eru lagðar meginlínur og þá gert ráð fyrir að nánari útfærsla verði unnin vegna vissra reita þegar dregur að framkvæmdum. Reitur er þá útfærður í smáatriðum, s.s. útlit og staðsetning húsa innan byggingarreits.

Deiliskipulagið felur í sér bindandi ákvarðanir fyrir húseigendur, íbúa og bæjarfélagið um framtíðarnotkun og nýtingu þeirra svæða og bygginga sem eru innan skipulagsins. Ákvæði deiliskipulagsins afmarka svigrúm til framkvæmda en skipulagið felur ekki í sér framkvæmdaskýldu.

2. Framsetning deiliskipulagsins:

Deiliskipulagið er sett fram á uppdráttum (Arkitektastofu Suðurnesja) deiliskipulagsuppdr. nr.001 dags. 10.5.1999, breytt 22.06.2000 skýringaruppdr. nr. 002 dags 10.5.1999, breytt 22.06.2000 og þessari greinagerð.

Deiliskipulagsuppdráttur er bindandi en skýringaruppdráttur er ekki samþykktur eða staðfestur. Deiliskipulagsuppdrátturinn sýnir útlínur húsa sem rífa skal, og einnig lóðarmörk einkalóða sem breytast. Skýringaruppdrættinum er ætlað að sýna dæmi um útfærslu skipulagsins og þannig auðvelda umfjöllun um framkvæmdir innan skipulagssvæðisins.

Greinagerð er hluti af deiliskipulaginu og hefur bæði það hlutverk að vera til útskýringar við deiliskipulagsuppdrættina og sýna nánari stefnu og ákvæði um uppbyggingu og skipulag svæðisins.

Forsendur:**1. Almennt.**

Varðveisla byggðar í eldri hverfum, bæði hér heima og erlendis ríður sér mjög til rúms á seinni árum. Þá er ekki átt við „söfn“ eins og t.d. Árbæ í Reykjavík eða Frílandsmuseet við Kaupmannahöfn, heldur er reynt að nýta hverfin, en halda jafnframt upprunalegu yfirbragði. Oft má varðveita sögulegar minjar og „upprunalegan“ anda um leið og byggð og starfsemi er aðlöguð nútímanum. Hérlandis má nefna sem dæmi grjótaborpið í Reykjavík og á Norðurlöndum, „Gamla Stan“ í Stokkhólmi, þar sem búseta hefur haldist ásamt fyrirtækjarekstri. Gamli bærinn í Keflavík er að mati höfunda mjög vel til slíkrar varðveislu fallinn. Árið 1995 var efnt til samkeppni um útlitshönnun „gamla bæjarins“ síðan hefur árisst verið unnið að götulagningu samkvæmt 1. verðlaunar tillögu þeirra samkeppni (Arkitektastofu Suðurnesja). Í dag er lokið við yfirbörðsframkvæmdir við flestar götur milli Vesturgötu og Aðalgötu, nema Norðfjörðsgötu. Deiliskipulagið byggir á þessum lausnum í aðalatriðum.

Lýsing: (svæði milli Vesturgötu og Aðalgötu) „gamli bærinn“

Þótt hverfið sem til skipulags er sé í heild sinni samstætt og tiltölulega afmarkað sem „gamli bærinn“ skiptist hann nokkuð, bæði vegna hlutverkaskiptingar og vegna legu sinnar og stöðu við aðliggjandi hverfi. Við Hafnargötu eru byggingar og svæði sem teljast verður til „stofnana“ og svo umferð á Hafnargötu meðfram sjónum. miðjan og norðurhlutinn eru að mestu gömlu íbúðarsvæðin. Efsti hlutinn er svo kominn aftur í nokkur tengsl við nýrri hluta byggðarinnar með kirkjuna og safnaðarheimilið í miðið. Þótt svæðið takmarkist af Kirkjubraut, Vesturgötu, Hafnarstræti og Aðalgötu er ekki óeðlilegt að áferðarhugmyndin nái eitthvað til austurs, t.d. að Klapparstíg, enda er hann ekki síður „Gamli bærinn“ en fyrrnefnt svæði, þrátt fyrir byggingaráform á svæðinu, sem kljúfa óneitanlega heildarmyndina. „Gamli bærinn“ einkennist í dag af nokkuð heilstæðri byggð, sem enn má styrkja og betrubæta á ýmsan hátt. Hér eru gömlu bárujárnshúsin enn í meirihluta, þrátt fyrir útþynningu seinni ára og eru margir húseigendur farnir að gera upp hús sín af metnaði og götumyndir að skýrast í kjölfar götuframkvæmda. Á einstaka stað mætti þetta byggðina með tilfærslu á gömlum húsum. Höfundar leggja ríka áherslu á aðalaðkomu svæðisins, sem lagt er til að verði frá Norðfjörðsgötu. Norðfjörðsgatan myndar miðás hverfisins, með sterkri sjónlínu milli kirkju og hafs. Þennan miðás vilja höfundar styrkja sem mest með óhindraðri sjólínu milli kirkju og sjávar og leggja til að listaverk muni enn fremur styrkja þessa línu á sjávarbakkanum.

Akandi vegfarendur:

Aðalumferðagata og aðkoma að svæðinu verður Norðfjörðsgata, enda bein aðkoma að húsum í lágmarki í götunni. Æskilegt væri að sem flestir ökumenn notuðu þessa götu sem aðkomuleið fyrir hverfið, enda tillögunni ætlað að ýta undir þessa leið að einkalóðum.

Lagt er til að gatnamót götunnar við Túngötu og Vallagötu verði lögð götusteini til að undirstrika forgang vegfarenda. Gegnumakstur á íbúðargötum verður hindraður með beygjum og bifreiðastæði vel merkt í akstursleið með götusteini,

þannig að enginn vafi leiki á því hvar leggja megi bifreiðum í götunni. Aðrar aksturshindranir eru ekki í götunni.

Bílastæðavandamál kirkjunnar er leyst með torgmyndun, sem teygi sig niður Norðfjörðsgötu og meðfram Kirkjustíg, sem mætti nýta á mestu álagstímum. Ekki er tekin afstaða til einstefnuaksturs á helstu leiðum, því lausnin reiknar með að unnt verði að mætast einhversstaðar í götunni með tiltölulega stuttu millibili. Síðar mætti endurskoða þetta.

Reynt er að koma sem flestum bifreiðastæðum fyrir í götunni þannig að lóðareigendur þurfi sem allra minnst að leggja lóðir sínar undir slíkt.

Gangandi vegfarendur

Gangandi umferð mun njóta forgangs, enda reiknað með mjög hægum akstri á götum hverfisins. Gert er ráð fyrir merktri gönguleið í gegnum hverfið frá Hafnargötu upp Norðfjörðsgötu með viðkomu á Skjaldarlóðinni, gegnum garðinn við núv.safnaðarheimili, framhjá brunninum við Brunnstíg og enda á litlu torgi við núverandi fiskverkunarhús við Íshússtíg. Hérna sjá höfundar fyrir sér hluta af Sögusafni byggðarinnar í tengslum við aðra menningarstarfsemi og önnur gömul hús í Grófinni.

Aðra gönguleið mætti hugsa sér að hverfinu eftir Klapparstíg.

Áferð og gróður

Einkenni Suðurnesja og ekki síst fyrir tíma Keflavíkur, hefur löngum verið, bæði í augum landsmanna og útlendinga, hrjóstrugt og gróðurlítið landslag. Ástæða þykir að halda að einhverju leiti þeim einkennum á þessu takmarkaða svæði.

Því er lagt til að tiltölulega lágvaxinn gróður verði í tilbúnum gróðurreitum við eða á gangstéttum. Hávaxnari gróður gæti þó verið inn á einkalóðum, sérstaklega í efsta hluta hverfisins. Teygja má græna litinn (gróður) niður eftir Norðfjörðsgötu (ásinn) með lávöxnum gróðri (t.d.birki), enda skyggi hann sem minnst á sjónlínuás götunnar. Hávaxnari gróður má þó tengjast grænu svæði í efsta hluta hennar, enda er hann þar farinn að nálgast seinni tíma byggð.

Götumyndir, „gamla bæjarins“ í dag eru að skýrast í kjölfar götuframkvæmda, þar eru gangstéttar og kantar lagðar tilhöggnum steinum og steypum hellum á samræmdan hátt, þannig að götumyndin skýrist og svæðið fær yfirbragð í anda „gamla tímans“.

Bílastæði og allar helstu gönguleiðir yfir akstursleiðir verði auðkenndar með götusteini og öll götugögn valin í anda „gamla tímans“ tilhögginn náttúrulegur steinn er notaður í kantsteina og hleðslur og í götuyfirborð er notaður steypur fornsteinn.

Lýsing: (svæðið milli Aðalgötu og Tjarnargötu)

Einkennist af þjónustubbyggð meðfram Hafnargötu og Tjarnargötu. Fjölbýlishúsum meðfram Aðalgötu og Kirkjuveg, Klapparstígur deilir þessu svæði í tvennt en meðfram honum er mjög heilstæð byggð, gamalla húsa í anda „gamla bæjarins“ sem vert er að varðveita og hlúa að.

Breytingar eru gerðar á Vallagötu milli Aðalgötu og Klapparstígs.

Svæðið næst Tjarnargötu er orðið hluti af þjónustuás sem teigir sig vestur Tjarnargötu og baklóðir fara að miklu leiti undir bílastæði.

Gert er ráð fyrir tengingu fyrir gangandi vegfarendur milli húsanna 26-28 við Hafnargötu frá bílastæðum.

Reiturinn er skilgreindur undir sérgreinda notkun þ.e. starfsemi sem tengist menningarsögu og list.


Hér er gert ráð fyrir að rífa gömlu fiskverkunarhúsin, Hús sem eftir standa eru:

- 1) Hafnargata 2 gamla „ kaupmannshúsið “þetta er eitt elsta og merkasta hús úr verslunar og upphafssögu Keflavíkur og ber að varðveita og færa til upprunalegs horfs.
- 2) Gert er ráð fyrir að hús nr.2A fái að standa en verði aðlagð umhverfinu með nýju þakformi og hæfilegum útlitsbreytingum.
- 3) Núv. vélahús við íshússtíg er að stofni til gömul söguleg bygging sem lagt er til að fái að standa með lagfæringum. Bent er á að gömlu vélarnar myndu sóma sér vel sem framtíðarsýningargripir sem hluti af sögusafni fiskvinnslu í Keflavík.

Hlaðin grjótveggur á norður og vesturmörkum reitsins skal lagfærður til upprunalegs horfs. Gert er ráð fyrir framtíðarbyggingareit í N.V. horni reitsins og lögð áhersla á að sú starfsemi sem þar á að fara fram tengist eðlilega ímynd reitsins með menningarlegt gildi. Huga þarf að tengingu þessa reits við Duus hús norðan við Vesturgötu og gömlu bryggjunni austan við Hafnargötu. Helstu bifreiðastæði fyrir þennan reit eru sunnan við Íshússtíg, reitur 2.




SKIPULAGSUPPDRATTUR



SKÝRINGARUPPDRATTUR

TÚNGATA 24:



Samkvæmt deiliskipulagi skal rífa gömlu fiskverkunarhúsin.

Byggingarár: óvíst


Byggingarefni: Steinsteypa og timbur

Reitur 2.


Reiturinn er skilgreindur sem íbúðareitur (Blandað svæði) og miðbæjarsvæði.

Verslun hefur þróast í húsum norðan Norðfjörðsgötu. Í öðrum húsum eru íbúðir, en taka þarf til í húsasamstæðu í N.V. horni reitsins, rífa bílskúr og tengibyggingu og færa hús nr.22 (gamli skólinn) til upprunalegra horfs. Lóð nr 6 við Hafnargötu er skilgreind sem miðbæjarsvæði. Ný aðkomuleið er gerð frá Íshússtíg fyrir húsin 4a, 6a og 6 við Hafnargötu.

Bílastæði í N.A. horni lóðarinnar eru hugsuð fyrir reit Nr.1.



SKIPULAGSUPPDRATTUR



SKÝRINGARUPPDRATT

ÍSHÚSTIGUR 3: Tengibygging



Samkvæmt deiliskipulagi er lagt til að gamla skólahúsið sé varðveitt en seinni tíma tengibygging og bílskúr séu rifin.

Byggingarár: óvíst Byggingarefni: timbur




Reitur 3.


Reiturinn er skilgreindur sem íbúðareitur (einbýli).

Einkennist af bárujárnsklæddum timburhúsum meðfram Íshússtíg. Áhersla er lögð á að halda þessu yfirbragði. Meðfram Vesturgötu eru nokkur hús steipt eða múrhúðuð. Ef um endurnýjun á þessum húsum verður að ræða í framtíðinni er lögð áhersla á að ysta klæðning verði úr bárujárni, þetta á einnig við um bílskúra.

Lögð er til stækkun á lóðum nr.32 við Kirkjuveg og 14 víð Brunnstíg. Þær verða stækkaðar sem nemur göngustígnum sem gengur þarna í gegn, og hann lagður niður.



SKIPULAGSUPPDRAÐUR





SKÝRINGARUPPDRAÐUR

Reitur 4.

Reiturinn er skilgreindur sem íbúðareitur.

Bifreiðageymslur gætu tengst einstaka húsum.




Reitur 5.

Reiturinn er skilgreindur sem íbúðareitur.


Lagt er til að hús og skúr nr.28 við Kirkjuveg verði rifið og nýtt hús (bárujárnsklætt) rísi á öðrum stað á lóðinni. Bílskúrar gætu tengst einstaka húsum. Hluti af lóð nr.28 við Kirkjuveg er tekin undir hringtorg við vesturenda Norðfjörðsgötu.

Fornminjar:

Gert er ráð fyrir að gamli brunnurinn við Brunnstíg sé lagfærður og hlaðinn sé veggur úr náttúrusteini umhverfis brunnreitinn, öll hús bárujárnsklædd.



SKIPULAGSUPPDRÁTTUR



SKÝRINGARUPPDRÁTTUR

KIRKJUVEGUR 28



Samkvæmt deiliskipulagi skal skúr og íbúðarhús rífið, og byggingarreitur færður til á lóðinni.

Byggingarár: 1922

Byggingarefni: timbur (seinni tíma múrhuðun)

Reitur 6.

Reiturinn er skilgreindur sem íbúðareitur (Blandað svæði).



Göngustígur gengur í gegnum þennan reit frá Vallargötu yfir á Norðfjörðsgötu fram hjá Skjaldarlóðinni og gegnum núv. garð safnaðarheimilisins.

Gert er ráð fyrir leikvelli á reitnum og einnig bílastæðum fyrir kirkjuna. Hringtorgið við vesturenda Norðfjörðsgötu tekur sneið af lóðinni nr. 22 við Norðfjörðsgötu. Gert er ráð fyrir nýbyggingu á lóð Nr 10 við Aðalgötu (1-2 hæðir endurhæfing aldraðra).

Bílskúrar geta tengst einstaka húsum.

Fornminjar:


Gert er ráð fyrir að grunnur Skjaldarhússins verði látin standa ásamt minnismarki um brunan mikla.




Reitur 7.

Reitur er skilgreindur sem íbúðareitur (Blandað svæði)

Bílskúrar geta tengst einstaka húsum.



SKIPULAGSUPPDRAÐTUR




SKÝRINGARUPPDRAÐTUR


Reitur 8.

Reiturinn er skilgreindur sem íbúðareitur (Blandað svæði) og miðbæjarsvæði.

Gert er ráð fyrir húsi í gömlum stíl á lóð Nr. 8 við Túngötu til styrktar annars heilsteyptri götumynd að Túngötu. Lóð nr 12 við Hafnargötu skilgreinist sem miðbæjarsvæði með frekari byggingarmöguleikum.



SKIPULAGSUPPDRAÐTÚR



SKÝRINGARUPPDRAÐTÚR

ADALGATA 2:




Samkvæmt deiliskipulagi skal rífa eða flytja húsið frá núverandi stað.

Byggingarár: 1934
Byggingarefni: timbur


Reitur 9.

Reiturinn er skilgreindur sem íbúðareitur og miðbæjarsvæði.

Bílskúrar geta tengst einstaka húsum. Lóðirnar 16-18-20 flokkast undir miðbæjarsvæði.



SKIPULAGSUPPDRATTUR




SKÝRINGARUPPDRATTUR


Reitur 10.

Reiturinn er skilgreindur sem íbúðareitur, bæði fjölbýli og einbýli, fullbyggður.

Bílskúrar geta tengst einstaka húsum.



SKIPULAGSUPPDRAÐTUR




SKÝRINGARUPPDRAÐTUR


Reitur 11.

Reiturinn er skilgreindur sem íbúðareitur bæði fjölbýli og einbýli.

Breyting verður á tengingu Vallargötu gegnum þennan reit. Húsið að Vallargötu nr.11, rífið og gert ráð fyrir tveim nýjum lóðum nr.9a og 11 við Vallargötu.



SKIPULAGSUPPDRAÐTÚR



SKÝRINGARUPPDRAÐTÚR

ADALGATA 11




Samkvæmt deiliskipulagi er lagt til að húsið sé rífið, vegna breytingar á skipulagi Vallargötu.

Byggingarár: 1930

Byggingarefni: timbur (seinni tíma múrhuðun)

Reitur 12.

Reiturinn er skilgreindur sem miðbæjarsvæði.



SKIPULAGSUPPDRAÐTUR



SKÝRINGARUPPDRAÐTUR


Reitur 13.

Reiturinn skilgreinist sem íbúðareitur og miðbæjarsvæði.


Lóð nr.7 við Túngötu og nr.4 við Tjarnargötu skilgreinist sem miðbæjarsvæði.

Reiknað er með 2.hæða nýbyggingu á lóð nr.4 við Tjarnargötu.

Bílskúrar geta tengst einstaka húsum.



SKIPULAGSUPPDRATTUR



SKÝRINGARUPPDRATTUR


Reitur 14.

Reiturinn er skilgreindur sem íbúðareitur og miðbæjarsvæði.


Lóðir nr.3-5 við Klapparstíg skilgreinist sem íbúðareitur.

Einnig eru á reitnum almenn bílastæði með aðkomu að Hafnargötu og Tjarnargötu.

Gert er ráð fyrir almennri gönguleið milli húsanna nr. 26 og 28 við Hafnargötu.



SKIPULAGSUPPDRÁTTUR




SKÝRINGARUPPDRÁTTUR



REYKJAVÍKURBÆR



		VERKNAÐ		DEILISKIPULAG		ARKITEKTASTOFA SUBURNESJIA	
		A		REYKJAVÍKURBÆR		HAFNARVATN 22 201 KTLA/VK arkitektastofa hf. fax: 01 8891	
		B		YFIRLIT SKIPULAGSSVÆÐA		SARNA MANTANDSON	
		C		24.08.2019		ARKITEKTARF. 1. 01. 2019	
		D		24.08.2019		MÁLSTOFN	
		E		24.08.2019		1. 01. 2019	
		F		24.08.2019		201	
		G		24.08.2019		000A	



ELDRI DEILISKIPULÓG Á SVÆÐINU FALLA ÚR GILDI VIÐ SAMÞYKKT ÞESSA.

- SKÝRINGAR:**



VERKERN: DEILSKIPULAG Í REYKJANESSBAER
SVÆÐHA (GAMLI BÆRINN)

DAGS/TEKNAÐ:	10.05.1999	BLAUNI MARTINESSON	ARÞRÉTT FÁ E-21-2319	K: 301243-2129
UÐGÁFUSÍÐA:	10.05.1999	VERK NÚM:	TEKNI NÚM:	
UÐGÁFUSÍÐA:	10.05.1999	BREYTING:	MÆLIKY:	



SKÝRINGAR:

- Ståupåleggsskive 350 aluminium
 er Tjerningskugle, Hølling,
 Tjerningskugle og Hølling,
 Ståupåleggsskive er um 0,4 ha
 og inneheldt aluminium.
 Perforeringskugle som gjev for
 1965 og 1966. 2015
 er gitt nedsatt verdi fordi
 byggetid er kort.



VERKEFNI: **DEILISKIPULAG Í REYKJANESBÆR
SVÆÐHA (GAMLI BÆRINN)**

ARKITEKTASTOFA SUBURNESJA
HAFNARGATA 27 230 KEFLAVÍK info@ishof.is FAX: 421 8891

TEKINGUR: www.arkitektastofa-suburnesja.is

VERKNI: DEILISKIPULAG Í REYKJANESSBÆR
SVÆÐA (GAMLI BÆRINN)

TEIKNING: SÍKIRINGARLUFFORÁTTUR

DAGS/TEKNOLOGI: 10.05.1980		BLAERNI MARTINSSON		AVRÖRST FÅ 11-2319		K2 301242-2129	
SIGN:		BRYTTING:		MÅL 100:		VEYD/AID:	

TEKON NR:	201
VERK NR:	002

201



MARE

55

1134

INDEX